3. **Section 3 — Arrival and Departure of Persons**

Immediately after the Recommended Practice 3.17.7 insert the new Sub-Section:

E. Measures of Facilitation for Ships engaged in Scientific Services

Insert in this new Sub-Section the following new Recommended Practice:

3.18 Recommended Practice

A ship engaged in scientific services carries personnel who are necessarily engaged on the ship for such scientific purposes of the voyage. If so identified, such personnel should be granted facilities at least as favourable as those granted to the crew members of that ship.

1. desember 1972. Nr. 21.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hinn 29. nóvember 1972 var forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent skjal varðandi samþykkt Íslands á breytingum á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem gerðar voru á 57. þingi stofnunarinnar í júní 1972.

Ofangreindar breytingar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. desember 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

BREYTING Á STOFNSKRÁ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kvaddi til funda í Genf og kom saman til 57. þings hinn 7. júní 1972,

hefur ákveðið að samþykkja tillögur um, að í ákvæðum stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan stjórnarinnar skuli tölurnar „fimmtíu og sex“, „tuttugu og átta“, „átján“ og „fjórtán“ koma í stað talnanna „fjörutíu og átta“, „tuttugu og fjórir“, „fjórtán“

INSTRUMENT FOR THE AMENDMENT OF THE CONSTITUTION OF THE INTERNATIONAL LABOUR ORGANISATION

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Fifty-seventh Session on 7 June 1972; and

Having decided upon the adoption of proposals for the substitution, in the provisions of the Constitution of the International Labour Organisation relating to membership of the Governing Body, of the figures "fifty-six", "twenty-eight", "eighteen" and "fourteen" for the figures

og „tólf“, en þetta var sjöunda dagskrármál þingsins.

Þingið gerir því í dag, 22. júní 1972, eftirfarandi breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem nefnist Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 1972:

1. gr.

Í núgildandi texta stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skulu tölurnar „fimmtíu og sex“, „tuttugu og átta“, „átján“ og „fjórtán“ koma í stað talnanna „fjörutíu og átta“, „tuttugu og fjórir“, „fjórtán“ og „tólf“ í 1. og 2. málsgr. 7. greinar.

2. gr.

Frá gildistöku þessarar breytingar skal stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gilda eins og hún er breytt samkvæmt undanfarandi grein.

3. gr.

Þegar þessi breyting gengur í gildi, skal framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar láta gera opinberan texta stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eins og hann er breyttur með þessum breytingarákvæðum í tveimur frumritum, er staðfest séu með undirritun hans. Öðru þessara eintaka skal komið til varðveizlu í skjalasafni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein í sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdastjórinn skal senda öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar staðfest afrit af textanum.

4. gr.

Tvö eintök þessara stofnskrárbreytinga skulu staðfest með undirritun forseta

"forty-eight", "twenty-four", "fourteen" and "twelve", a question which is the seventh item on the agenda of the session,

adopts this twenty-second day of June of the year one thousand nine hundred and seventy-two the following instrument for the amendment of the Constitution of the International Labour Organisation, which may be cited as the Constitution of the International Labour Organisation Instrument of Amendment, 1972:

Article 1

In the text of the Constitution of the International Labour Organisation as at present in force, the figures "fifty-six", "twenty-eight", "eighteen" and "fourteen" shall be substituted for the figures "forty-eight", "twenty-four", "fourteen" and "twelve" in paragraphs 1 and 2 of Article 7.

Article 2

As from the date of the coming into force of this Instrument of Amendment the Constitution of the International Labour Organisation shall have effect as amended in accordance with the preceding Article.

Article 3

On the coming into force of this Instrument of Amendment, the Director-General of the International Labour Office shall cause an official text of the Constitution of the International Labour Organisation as modified by the provisions of this Instrument to be prepared in two original copies, duly authenticated by his signature. One of these copies shall be deposited in the archives of the International Labour Office and the other shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations. The Director-General shall communicate a certified copy of the text to each of the Members of the International Labour Organisation.

Article 4

Two copies of this Instrument of Amendment shall be authenticated by

þingsins og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Öðru þessara eintaka skal komið til varðveizlu í skjalasafni Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hitt skal sent aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Framkvæmdastjórinn skal senda öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar staðfest eintak af stofnskrárbreytingu þessari.

5. gr.

1. Formlegar fullgildingar eða samþykki á þessari stofnskrárbreytingu skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en hann skal tilkynna meðlimum stofnunarinnar móttöku þeirra.

2. Þessi stofnskrárbreyting gengur í gildi í samræmi við ákvæði 36. greinar stofnskrár stofnunarinnar.

3. Þegar þessi stofnskrárbreyting gengur í gildi, skal aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna það öllum meðlimum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Framanskráður texti er hinn rétti, löggilti texti breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem löglega var samþykktur á 57. allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldið var í Genf og slitið hinn tuttugasta og sjöunda dag júnímánaðar 1972.

Ensku og frönsku textarnir af stofnskrárbreytingu þessari eru jafngildir.

the signatures of the President of the Conference and of the Director-General of the International Labour Office. One of these copies shall be deposited in the archives of the International Labour Office and the other shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations. The Director-General shall communicate a certified copy of the Instrument to each of the Members of the International Labour Organisation.

Article 5

1. The formal ratifications or acceptances of this Instrument of Amendment shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office, who shall notify the Members of the Organisation of the receipt thereof.

2. This Instrument of Amendment will come into force in accordance with the provisions of article 36 of the Constitution of the Organisation.

3. On the coming into force of this Instrument, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation and the Secretary-General of the United Nations.

The foregoing is the authentic text of the Instrument for the amendment of the Constitution of the International Labour Organisation duly adopted by the General Conference of the International Labour Organisation during its Fifty-seventh Session which was held at Geneva and declared closed the twenty-seventh day of June 1972.

The English and French versions of the text of this Instrument of Amendment are equally authoritative.